

Þriðjudaginn 3. júní 1980.

Nr. 82/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. maí 1980, er barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Greinargerð hefur hvorki borist frá ríkissaksóknara né skipuðum verjanda ákærða.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 28. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærði, Bjarni Leifur Pétursson, var úrskurðaður til að sæta þann 26. apríl sl. og rennur út kl. 1700 í dag, verði framlengt.

Hjá rannsóknarlögreglu ríkisins eru nú til meðferðar fimm mál á hendur kærða:

1. Mál nr. 1246/80:

Kæra vegna þjófnaðar á gítar, að verðmæti um kr. 500.000, úr versluninni Hljómbæ. Kærði hefur viðurkennt að hafa farið ásamt Gústaf R. Gústafssyni og Kristni Styrmissyni inn í ofan-

greinda verslun. Þar hafi Gústaf stolið gítarnum, en kærði hefur viðurkennt að hafa ráðstafað gítarnum á þann hátt, að hann bað Margréti Aðalsteinsdóttur að afhenda fanga á Litla-Hrauni gítarinn til geymslu eða sölu. Gítarinn komst til skila.

2. Mál nr. 1254/80:

Kærði hefur viðurkennt við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að hafa stolið 25 flöskum af sterku áfengi, 6 flöskum af léttu víni og 9 lengjum af vindlingum, ásamt tveim öðrum mönnum. Rannsókn máls þessa er nú lokið.

3. Mál nr. 1322/80:

Þar er kærði grunaður um skjalafals og tilraun til fjársvika. Hefur kærði viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að hafa falsað nafnritun sem vottur vegna bifreiðakaupa. Rannsókn málsins er lokið.

4. Mál nr. 1362/80:

Þann 7. maí sl. kærði Valgeir Magnússon, Ránargötu 10, kærða fyrir að hafa stolið nokkrum dögum áður gítar af gerðinni Yamaha. Kærði hefur borið, að hann hafi sett gítarinn í umboðs-sölu að beiðni vörslumanns gítarsins. Gítarinn komst til skila. Rannsókn máls þessa er ekki lokið, þar sem sampröfun hefur ekki farið fram. Gítarinn komst til skila.

5. Mál nr. 1141/80:

Enn fremur er til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kæra á hendur kærða fyrir þjófnað á veski og skjalafals. Hefur kærði viðurkennt fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að hafa stolið veski af manni þann 18. apríl sl. í Glæsibæ, en í því var ávísanahefti á Sparisjóð Siglufjarðar, og falsaði kærði úr heftinu ellefu ávísanir, framhlið og bakhlið, og var upphæð ávísananna samtals kr. 845.000, en eina þessara ávísana, að upphæð kr. 130.000, fann rannsóknarlögregla ríkisins að Ránargötu 10, og hafði hún ekki verið seld. Aðra ávísun að fjárhæð kr. 95.000 reyndi kærði að selja í Seðlabankanum, en hljóp á brott, áður en honum hafði tekist að selja hana. Ólögmaður ávinningur kærða af sölu ofangreindra ávísana er samtals kr. 560.000, en ekki kr. 595.000, eins og fram kemur í kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem hann seldi ávísun að upphæð kr. 95.000 á bensínstöð BSÍ og fékk þar greitt fyrir hana kr. 60.000. Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og ekki er ljóst, hvort kærði hefur falsað fleiri ávísanir úr tékkheftinu en hann hefur þegar játað.

Á árinu 1979 og það, sem af er ársins 1980, hefur kærði fimm sinnum setið í gæsluvarðhaldi: Frá 3. júní — 8. júní 1979 vegna

árásar, frá 14. október — 23. október 1979 vegna árásar og ráns, frá 10. nóvember — 19. desember 1979 vegna þjófnaðar og frá 15. janúar — 23. janúar 1980 vegna árásar svo og frá 26. apríl og fram til kl. 1700 í dag vegna rannsóknar á málum í 1.—4. tl., sem getið er hér að framan.

Er kærði var úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi laugar-daginn 26. apríl sl., láðist rannsóknarlögreglu ríkisins að leggja fram mál nr. 1141/80 varðandi þjófnað og skjalafals kærða, og lá það því ekki fyrir í dómnum, er kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhaldið.

Á undanförnum árum hefur kærði sætt samtals 6 kærum fyrir árásir, 18 kærum fyrir þjófnaði og 19 kærum fyrir skjalafals. Ríkissaksóknara hafa verið send 38 þessara mála til meðferðar. Hjá sakadómi Reykjavíkur eru til meðferðar ákærur, útgefnar þann 3. september 1979 fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 245. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga, 7. desember 1979 fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, þann 24. mars sl. fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga og 19. maí sl. fyrir brot gegn 155. gr. alm. hegningarlaga. Eru þessi mál nú til meðferðar hjá dómnum.

Þann 24. janúar sl. var kærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 4 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot á 155. gr. alm. hegningarlaga, og 22. þ. m. var hann dæmdur í 6 mánaða fangelsi óskilorðsbundið fyrir brot á 218. gr. alm. hegningarlaga. Hefur ákærði áfrýjað báðum ofangreindum dómum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann auk ofangreindra tveggja fangelsisdóma hlotið á árunum 1975—1979 9 fangelsisdóma, samtals 28 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 155. gr., 217. gr., 244. gr., 252. gr., 254. gr. og 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því, að ofangreindum málum er ekki að fullu lokið, svo og ef litið er til sakaferils kærða og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og þar sem hætta þykir á, að kærði haldi áfram brotastarfsemi sinni, ef hann er látinn laus, þykir rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um áframhaldandi gæsluvarðhald kærða, og skal hann því sæta gæsluvarðhaldi áfram, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 25. júní nk., kl. 1700.

Kærði er sakaður um brot, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XVII. og XXVI. kafla alm. hegn-

ingarlaga nr. 19/1940, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 25. júní nk., kl. 1700.

Föstudaginn 6. júní 1980.

Nr. 35/1978. Bæjarsjóður Kópavogs
(Þórólfur Kristján Beck hdl.)
gegn
Hraðbraut s/f
og gagnsök
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Skaðabótamál. Verksamningur. Orsakasamband. Sönnun. Abyrgð. Samdómendur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. sama mánaðar. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 15.604 krónum með vöxtum af þeirri fjárhæð í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1978, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.390.769 krónur með 9% ársvöxt-